

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1023****2019/EES/15/08****frá 23. júlí 2018****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. janúar 2018, að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽²⁾.
- 2) Skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, var komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 3) Samkvæmt 36. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 gildir nýja reglugerðin um nýfæði frá 1. janúar 2018. Nokkrar vörur hlutu leyfi eða voru tilkynntar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97 á tímabilinu frá því að fastanefndin greiddi atkvæði um skrá Sambandsins 6. desember 2017 og þangað til reglugerð (ESB) 2015/2283 kom til framkvæmda 1. janúar 2018. Því ætti að færa þessar vörur á skrá Sambandsins sem var komið á fót með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 4) Hinn 19. desember 2017 tilkynnti fyrirtækið Demethra Biotech S.r.l. framkvæmdastjórninni um að það hefði sett nýfæðið „útdráttur úr frumurækt *Echinacea purpurea*“ á markað Sambandsins skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Þetta nýfæði var ekki á skrá Sambandsins. Því ætti að bæta nýrri færslu við í töflur 1 og 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 5) Hinn 21. og 22. desember 2017 tilkynntu tvö fyrirtæki, DuPont Nutrition & Biosciences ApS og FrieslandCampina Nederland BV, framkvæmdastjórninni um að þau hefðu sett nýfæðið „2'-fúkósýllaktósa (örverufræðilegur uppruni)“ á markað Sambandsins skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. „2'-fúkósýllaktósi (örverufræðilegur uppruni)“ var þegar á skrá í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Tölugildum nokkurra mælipáttanna, sem eru tilgreindir í nákvæmri skilgreiningu fyrir þetta nýfæði, var breytt í þessum nýju tilkynningum og þess vegna ætti að leiðrétta færsluna fyrir „2'-fúkósýllaktósa (örverufræðilegur uppruni)“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 187, 24.7.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjútíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

- 6) Hinn 20. desember 2017 tilkynnti fyrirtækið c-LEcta GmbH framkvæmdastjórninni um að það hefði sett nýfæðið „trehalósa“ á markað Sambandsins skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. „Trehalósi“ var á skrá í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Sú nýja tilkynning varðar súkrósa, nýjan gjafa trehalósa. Því ætti að breyta nákvæmu skilgreiningunni í færslunni um „trehalósa“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.
- 7) Eftir birtingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2470 komu nokkrar villur eða yfirsjónir í ljós sem vörðudu nákvæma skilgreiningu eða skilyrði fyrir notkun nokkurra leyfðra tegunda nýfæðis. Því ætti að leiðrétta skrá Sambandsins sem komið var á fót í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 8) Nýfæðið „L-alanyl-L-glútamín“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök vantaði flokkinn „drykkir sem eru ætlaðir til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum“. Því er nauðsynlegt að gera leiðréttingu til að bæta „drykkir sem eru ætlaðir til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum“ sem leyfðum matvælaflokki við í færsluna „L-alanyl-L-glútamín“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 9) Nýfæðið „glúkósamín HCl“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök var matvælaflokknum „drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn“ bætt við og ætti að fella hann brott úr þessari færslu. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „glúkósamín HCl“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 10) Nýfæðið „laktó-N-neótetraósi“ var leyft með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375 ⁽¹⁾ með tilteknum notkunarskilyrðum og hámarksgildum. Textanum „í styrk sem nemur allt að 1,2 g/l“ var fyrir mistök bætt við og ætti að fella hann brott úr matvælaflokknum „drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn“ fyrir þetta nýfæði. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „laktó-N-neótetraósi“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 11) Nýfæðið „útráttur úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni (*Triticum aestivum*)“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum fyrir „fullorðin fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti“ skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök voru þó þungaðar konur og konur með barn á brjósti ekki undanskildar í skrá Sambandsins. Af því leiðir að nauðsynlegt er að leiðrétta færsluna „útráttur úr hveitikími sem er auðugur af spermidíni (*Triticum aestivum*)“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 12) Fyrir mistök vantaði eftirfarandi kröfu fyrir nýfæðið „olía úr suðurhafsljósátu (*Euphausia superba*)“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 og ætti að bæta henni við: „Oxunarstöðugleiki: að því er varðar öll matvæli, sem innihalda olíu úr suðurhafsljósátu (*Euphausia superba*), skal sýna fram á oxunarstöðugleika með viðeigandi og viðurkenndum landsbundnum/alþjóðlegum prófunaraðferðum (t.d. AOAC (Samtök aðila í efnagreiningu))“. Því er nauðsynlegt að leiðrétta þessa færslu í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 13) Lögbær yfirlit í Finnlandi ⁽²⁾ leyfðu nýfæðið „olía úr suðurhafsljósátu, auðug af fosfórlípíðum, úr *Euphausia superba*“ með tilteknum notkunarskilyrðum. Eftirfarandi kröfu var fyrir mistök bætt við í nákvæma skilgreiningu: „Oxunarstöðugleiki: að því er varðar öll matvæli, sem innihalda olíu úr suðurhafsljósátu (*Euphausia superba*) sem er auðug af fosfórlípíðum, skal sýna fram á oxunarstöðugleika með viðeigandi og viðurkenndum landsbundnum/alþjóðlegum prófunaraðferðum (t.d. AOAC (Samtök aðila í efnagreiningu))“. Þessa kröfu ætti að fella brott. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „olía úr suðurhafsljósátu, auðug af fosfórlípíðum, úr *Euphausia superba*“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 14) Nýfæðið „Chia-fræ (*Salvia hispanica*)“ var upphaflega leyft með tilteknum notkunarskilyrðum með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/827/EB ⁽³⁾. Eftirfarandi kröfu var fyrir mistök bætt við í nákvæma skilgreiningu: „(EU: kolvetni eru fyrir hendi = sykur + sterkja)“. Þessa kröfu ætti að fella brott. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „chia-fræ (*Salvia hispanica*)“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

(1) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375 frá 11. mars 2016 um leyfi til að setja laktó-N-neótetraósa á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 22).

(2) Bréf frá 8. maí 2015 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2015_auth-letter_krill-oil_en.pdf)

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/827/EB frá 13. október 2009 um leyfi til að setja chia-fræ (*Salvia hispanica*) á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 294, 11.11.2009, bls. 14).

- 15) Nýfæðið „kítósánútdráttur úr sveppum (*Agaricus bisporus*, *Aspergillus niger*)“ var upphaflega leyft með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Eftirfarandi kröfu var fyrir mistök bætt við í nákvæma skilgreiningu: „Fitubindingargeta 800×9 þyngd/blautvigt): í lagi“. Í stað þessarar kröfu ætti að koma „fitubindingargeta $800 \times$ (þyngd/blautvigt): í lagi“. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „kítósánútdráttur úr sveppum (*Agaricus bisporus*, *Aspergillus niger*)“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 16) Nýfæðið „sítikólín“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/423/ESB (1). Í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er í nákvæmu skilgreiningunni um nýfæðið „sítikólín“ vísað til sítikólíns sem er annaðhvort framleitt með tilbúnu ferli eða örveruferli. Eftir birtingu þeirrar reglugerðar varð ljóst að örverufræðilega ferlið við framleiðslu sítikólíns felur einnig í sér tilbúið ferli. Því ætti að leiðrétta nákvæmu skilgreininguna sem varðar „sítikólín“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 svo hún taki einungis til örverufræðilegs framleiðsluferlis.
- 17) Nýfæðið „útdráttur úr frumurækt *Echinacea angustifolia*“ var upphaflega leyft með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök vantaði orðin „lýsing/skilgreining“ í nákvæmu skilgreininguna. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „útdráttur úr frumurækt *Echinacea angustifolia*“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 18) Nýfæðið „galaktófáskyra“ er í skrá Sambandsins sem var komið á fót með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Fyrir mistök vantaði eftirfarandi örverufræðilegan uppruna ensímsins β -galaktósíðasa í nákvæmu skilgreininguna: *Pichia pastoris*, *Kluyveromyces lactis*, *Sporobolomyces singularis* og *Papiliotrema terrestris*. Þess vegna ætti að bæta þessum uppruna β -galaktósíðasa við í færsluna „galaktófáskyra“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 19) Nýfæðið „K₂-vítamín (menakínón)“ var upphaflega leyft með tilteknum notkunarskilyrðum með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/345/EB (2). Efnufræðilegri skilgreiningu fyrir K₂-vítamín var bætt við í „nákvæm skilgreining á örverufræðilega framleiddu K₂-vítamíni (menakínón-7)“ en fyrir mistök var henni ekki bætt við í „nákvæm skilgreining á tilbúnu K₂-vítamíni (menakínón-7)“. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „K₂-vítamín (menakínón)“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 20) Nýfæðið „betaglúkan úr geri“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/762/ESB (3). Í nákvæmu skilgreiningunum „örverufræðileg gögn“ og „þungmálmar“ er fyrir mistök vísað til betaglúkans úr geri í þremur mismunandi formum í stað formsins „óleysanlegt í vatni en dreifanlegt í mörgum efniviðum í fljótandi formi“. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna „betaglúkan úr geri“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 21) Nýfæðið „plöntusteról/plöntustanól“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/333/EB (4). Hinn 14. apríl 2016 tilkynnti fyrirtækið BASF SE Human Nutrition, ENS/HR framkvæmdastjórninni um að það hefði sett nýfæðið, „plöntusteról/plöntustanól“ á markað Sambandsins, í flokknum „fæðubótarefni“, skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök vantaði flokkinn „fæðubótarefni“. Því er nauðsynlegt að gera leiðréttingu til að bæta „fæðubótarefni“ sem leyfðum matvælaflokki við í færsluna „plöntusteról/plöntustanól“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 22) Nýfæðið „olía úr sveppnum *Mortierella alpina* sem er auðug af arakíðónsýru“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/968/EB (5). Fyrir mistök var eftirfarandi óerfðabreyttum stofni sveppsins *Mortierella alpina* „CBS 210.32“ ekki bætt við í nákvæmu skilgreininguna. Þess vegna ætti að bæta þessum stofni við færsluna „olía úr sveppnum *Mortierella alpina* sem er auðug af arakíðónsýru“ í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

(1) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/423/ESB frá 1. júlí 2014 um leyfi til að setja sítikólín á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 196, 3.7.2014, bls. 24).

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/345/EB frá 22. apríl 2009 um leyfi til að setja K₂-vítamín (menakínón) úr *Bacillus subtilis* natto á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 105, 25.4.2009, bls. 16).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/762/ESB frá 24. nóvember 2011 um leyfi til að setja betaglúkan úr geri á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 313, 26.11.2011, bls. 41).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/333/EB frá 31. mars 2004 um leyfi til að setja gula smyrju, salatsósú, mjólkurlíkar vörur, gerjadar mjólkurlíkar vörur, sojadrykki og ostlíkar vörur með viðbættum plöntusterólum/plöntustanólum á markað sem nýfæði eða nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 105, 14.4.2004, bls. 40).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/968/EB frá 12. desember 2008 um leyfi til að setja olíu úr sveppnum *Mortierella alpina* sem er auðug af arakíðónsýru á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 123).

- 23) Nýfæðið „epígallókatekingallat sem hreinsaður útdráttur úr grænum telaufum (*Camellia sinensis*)“ var upphaflega leyft með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök var matvælaflokknum „matvæli sem eru styrkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006“ bætt við og ætti að fella hann brott úr þessari færslu. Enn fremur er nauðsynlegt að gera leiðréttingu til að bæta „matvæli“ við „fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2002/46/EB“ sem leyfðum matvælaflokki í færslunni „epígallókatekingallat sem hreinsaður útdráttur úr grænum telaufum (*Camellia sinensis*)“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 24) Nýfæðið „lýkópen úr tómötum“ var leyft með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök var matvælaflokknum „fæðubótarefni“ sleppt og ætti að bæta honum við þessa færslu. Því er nauðsynlegt að gera leiðréttingu til að bæta „fæðubótarefni“ við sem leyfðum matvælaflokki í færslunni „lýkópen úr tómötum“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 25) Eftir birtingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2470 komu enn fremur í ljós fjölmargar prentvillur í viðaukanum. Slíkar prentvillur eru alla jafna leiðréttar með birtri leiðréttingu en til glöggvunar fyrir rekstraraðila og fullnustuyfirvöld ætti leiðréttingin á þessum prentvillum að koma fram í þessari leiðréttingargerð.
- 26) Miðað við fjölda leiðréttinga þykir rétt að skipta út öllum viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
- 27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SKRÁ SAMBANDSINS YFIR NÝFÆÐI

Innihald skrárinnar

1. Skrá Sambandsins skal samanstanda af töflu 1 og töflu 2.
2. Tafla 1 hefur að geyma leyft nýfæði og inniheldur eftirfarandi upplýsingar:
 1. dálkur: Leyft nýfæði
 2. dálkur: Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið. Þessum dálki er síðan skipt niður í tvo: Tilgreindur matvælaflokkur og hámarksgildi
 3. dálkur: Sértekur viðbótarkröfur varðandi merkingu
 4. dálkur: Aðrar kröfur
3. Tafla 2 hefur að geyma nákvæma skilgreiningu á nýfæði og inniheldur eftirfarandi upplýsingar:
 1. dálkur: Leyft nýfæði
 2. dálkur: Nákvæm skilgreining

Tafla 1: Leyft nýfæði

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
N-asetýl-D-nevramínsýra	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „N-asetýl-D-nevramínsýra“ Á fæðubótarefnum sem innihalda N-asetýl-D-nevramínsýru skal vera yfirlýsing þess efnis að fæðubótarefnið skuli ekki gefa ungbörnum, smábörnum og börnum yngri en 10 ára ef þau neyta brjóstamjólkur eða annarra matvæla með viðbættri N-asetýl-D-nevramínsýru innan sama sólarhrings.	
	Ungbarna- og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ⁽¹⁾	0,05 g/l af blöndu sem er endurgerð með því að bæta í hana vatni		
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	0,05 g/kg af matvælum í föstu formi		
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, lækisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir ungbarna og smábarna, sem vörurnar eru ætlaðar fyrir, en aldrei hærri en hámarksgildin, sem eru tilgreind fyrir flokkinn, sem gefið er upp í töflunni sem á við um vörurnar.		
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	0,2 g/l (drykkir) 1,7 g/kg (stangir)		
	Matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014 ⁽²⁾	1,25 g/kg		
	Óbragðbættar, gerilsneyddar og dauð-hreinsaðar (þ.m.t. leifturhitaðar) afurðir sem eru að stofni til úr mjólk	0,05 g/l		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Óbragðbættar, gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, hitameðhöndlaðar eftir gerjun, bragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir, þ.m.t. hitameðhöndlaðar afurðir	0,05 g/l (drykkjarvörur) 0,4 g/kg (föst efni)	
	Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurr- mjólkurlíki	0,05 g/l (drykkjarvörur) 0,25 g/kg (föst efni)	
	Kornstangir	0,5 g/kg	
	Borðsætuefni	8,3 g/kg	
	Drykkir að stofni til úr aldinum og grænmeti	0,05 g/l	
	Bragðbættar drykkjarvörur	0,05 g/l	
	Sérstakt kaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffifífill; kjarni úr tei og jurta- og aldinseyði og kaffifíflum; te, jurta- og aldinseyði og unnar kornvörur sem ætlaðar eru í seyði	0,2 g/kg	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB ⁽³⁾	300 mg/dag fyrir almenning eldri en 10 ára 55 mg/dag fyrir ungbörn 130 mg/dag fyrir smábörn 250 mg/dag fyrir 3 til 10 ára gömul börn	
Adansonia digitata (apabrauðstré) þurrkað aldinkjöt	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Baobab aldinm auk“	

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Útdráttur úr frumurækt <i>Ajuga reptans</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun í fæðubótarefni úr svipuðum útdrætti úr blómstrandi hlutum <i>Ajuga reptans</i> sem eru ofanjarðar		
L-alanýl-L-glútamín	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn			
	Drykkir sem eru ætlaðir til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum			
Þörungaolía úr smásæjum þörungum af tegundinni <i>Ulkenia</i> sp.	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi dókósahehexensýru</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr smásæju þörungunum <i>Ulkenia</i> sp.“	
	Bakarísvörur (brauð, smábrauð og sætt kex)	200 mg/100 g		
	Kornstangir	500 mg/100 g		
	Óáfengir drykkir (þ.m.t. drykkjarvörur að stofni til úr mjólk)	60 mg/100 ml		
Olía úr fræi <i>Allanblackia</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr fræi <i>Allanblackia</i> “	
	Gul smyrja og smyrja að stofni til úr rjóma	20 g/100 g		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Útdráttur úr laufum <i>Aloe macroclada</i> Baker	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun í fæðubótarefni úr svipuðu hlaupi sem er fengið úr <i>Aloe vera</i> (L.) Burm.		
Olía úr suðurhafsljósátu (<i>Euphausia superba</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi dókósahehexensýru og eikósapentensýru samanlagt</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „útdráttur fituefnis úr krabbadýrinu suðurhafsljósátu (<i>Euphausia superba</i>)“	
	Mjólkurvörur, að undanskildum drykkjum sem eru að stofni til úr mjólk	200 mg/100 g eða, að því er varðar ostafurðir, 600 mg/100 g		
	Mjólkurvöruhliðstæður að undanskildum drykkjum	200 mg/100 g eða, að því er varðar ostafurðahliðstæður, 600 mg/100 g		
	Óáfengir drykkir Drykkir, að stofni til úr mjólk Mjólkurvöruhliðstæðudrykkir	80 mg/100 ml		
	Smyrjanleg fita og salatsósar	600 mg/100 g		
	Fita til matargerðar	360 mg/100 ml		
	Morgunkorn	500 mg/100 g		
	Bakarísvörur (brauð, smábrauð og sætt kex)	200 mg/100 g		
	Næringarstangir/kornstangir	500 mg/100 g		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	3 000 mg/dag fyrir almenning 450 mg/dag fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti		
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	<p>Þyngdarstjórnunaræði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og staðgöngumálfæðir til að stýra þyngd</p> <p>250 mg/málfæði</p>		
	<p>Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat sem er ætlaður fyrir ungbörn og smábörn og fellur undir reglugerð (ESB) nr. 609/2013</p> <p>200 mg/100 ml</p>		
	<p>Matvæli sem eru ætluð til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum</p>		
	<p>Matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014</p>		
Olía úr suðurhafsljósátu, auðug af fosfórlípíðum, úr <i>Euphausia superba</i>	<p><i>Tilgreindur matvælaflokkur</i></p> <p><i>Hámarksildi dókósaheksensýru og eikósapentensýru samanlagt</i></p>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „útdráttur fítnæfnis úr krabbadýrinu suðurhafsljósátu (<i>Euphausia superba</i>)“	
	<p>Mjólkurvörur, að undanskildum drykkjum sem eru að stofni til úr mjólk</p> <p>200 mg/100 g eða, að því er varðar ostaaferðir, 600 mg/100 g</p>		
	<p>Mjólkurvöruhliðstæður að undanskildum drykkjum</p> <p>200 mg/100 g eða, að því er varðar ostaaferðahliðstæður, 600 mg/100 g</p>		
	<p>Óáfengir drykkir</p> <p>Drykkir, að stofni til úr mjólk</p> <p>Mjólkurvöruhliðstæðudrykkir</p> <p>80 mg/100 ml</p>		
	<p>Smyrjanleg fita og salatsósur</p> <p>600 mg/100 g</p>		
	<p>Fita til matargerðar</p> <p>360 mg/100 ml</p>		
	<p>Morgunkorn</p> <p>500 mg/100 g</p>		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Bakarísvörur (brauð, smábrauð og sætt kex)	200 mg/100 g	
	Næringarstangir/kornstangir	500 mg/100 g	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	3 000 mg/dag fyrir almenning 450 mg/dag fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti	
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir	
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og staðgöngumálféðir til að stýra þyngd	250 mg/málféð	
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur sem er ætlaður fyrir ungbörn og smábörn og fellur undir reglugerð (ESB) nr. 609/2013	200 mg/100 ml	
	Matvæli sem eru ætluð til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum		
	Matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014		
Olía úr sveppnum <i>Mortierella alpina</i> sem er auðug af arakíðónsýru	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr <i>Mortierella alpina</i> “ eða „ <i>Mortierella alpina</i> -olía“
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013	

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir fyrirbura eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013	
Arganolía úr <i>Argania spinosa</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „arganolía“ og ef hún er notuð sem krydd skal eftirfarandi koma fram á merkimiðanum: „jurtaolía, einungis til kryddunar“
	Sem krydd	Ekki tilgreint	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun jurtaolía í matvæli	
Óléóresín úr þörungunum <i>Haematococcus pluvialis</i> sem eru auðug af astaxantíni	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „astaxantín“
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	40–80 mg/dag af óléóresíni sem leiðir til ≤ 8 mg af astaxantíni á dag	
Basilíkufrae (<i>Ocimum basilicum</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	
	Aldínsafi og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu	3 g/200 ml að því er varðar viðbót heilla basilíkufraeja (<i>Ocimum basilicum</i>)	
Útdráttur úr gerjuðum svörtum baunum	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „útdráttur úr gerjuðum svörtum (soja) baunum“ eða „útdráttur úr gerjuðu soja“
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	4,5 g/dag	
Laktóferrín úr nautgripum	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „laktóferrín úr kúamjólk“
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 (tilbúnaur til drykkjar)	100 mg/100 ml	
	Matvæli, að stofni til úr mjólkurvörum, ætluð smábörnum (tilbúin til neyslu/drykkjar)	200 mg/100 g	
	Unnin matvæli úr korni (í föstu formi)	670 mg/100 g	
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Með hliðsjón af þörfum einstaklings, allt að 3 g/dag	

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Drykkjarvörur, að stofni til úr mjólk	200 mg/100 g		
	Drykkjarblöndur í duftformi, að stofni til úr mjólk (tilbúnað til drykkjar)	330 mg/100 g		
	Drykkjarvörur, að stofni til úr gerjaðri mjólk (þ.m.t. jógúrtdrykkir)	50 mg/100 g		
	Óáfengir drykkir	120 mg/100 g		
	Vörur, að stofni til úr jógúrti	80 mg/100 g		
	Vörur, að stofni til úr osti	2 000 mg/100 g		
	Rjómaís	130 mg/100 g		
	Kökur og sætabrauð	1 000 mg/100 g		
	Sælgæti	750 mg/100 g		
	Tyggigúmmí	3 000 mg/100 g		
Olía úr fræi <i>Buglossoides arvensis</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi steridónsýru (STA)</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „hreinsuð <i>Buglossoides</i> -olía“	
	Mjólkurvörur og hliðstæður þeirra	250 mg/100 g		
		75 mg/100 g fyrir drykki		
	Ostur og ostaafurðir	750 mg/100 g		
	Smjör og aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smyrjur (ekki til matargerðar eða steikingar)	750 mg/100 g		
	Morgunkorn	625 mg/100 g		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn	500 mg/dag		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir		
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og staðgöngumáلتíðir til að stýra þyngd	250 mg/máلتíð		
Olía úr <i>Calanus finmarchicus</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr <i>Calanus finmarchicus</i> (krabbadýr)“	
	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	2,3 g/dag		
Tyggigúmmígrunnur (mónómetoxýpólýetýlenglýkól)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „gúmmígrunnur (þ.m.t. einsleit fjölliða úr 1,3-bútadíen, 2-metýli, meðhöndluð með maleati, estrar með pólýetýlenglýkól-mónómetýletra“ eða „gúmmígrunnur (þ.m.t. CAS-nr. 1246080-53-4)“	
	Tyggigúmmí	8%		
Tyggigúmmígrunnur (samfjölliða metýlvínýletermalínanhýdríðs)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „gúmmígrunnur (þ.m.t. samfjölliða metýlvínýletermalínanhýdríðs“ eða „gúmmígrunnur (þ.m.t. CAS-nr. 9011-16-9)“	
	Tyggigúmmí	2%		
Chia-olía úr <i>Salvia hispanica</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „chia-olía (<i>Salvia hispanica</i>)“	
	Feiti og olíur	10%		
	Hrein chia-olía	2 g/dag		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	2 g/dag		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Chia-fræ (<i>Salvia hispanica</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „chia-fræ (<i>Salvia hispanica</i>)“ 2. Forpökkuð chia-fræ (<i>Salvia hispanica</i>) skulu bera viðbótarkerkingar til að upplýsa neytendur um að dagleg inntaka sé ekki meiri en 15 g.	
	Brauðvörur	5% (heil eða möluð chia-fræ)		
	Bakaðar vörur	10% heil chia-fræ		
	Morgunkorn	10% heil chia-fræ		
	Aldin-, hnetu- og fræblöndur	10% heil chia-fræ		
	Aldinsafi og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu	15 g/dag að því er varðar viðbót chia-fræja, í heilu lagi, maukuð eða möluð		
	Forpökkuð chia-fræ, sem slík	15 g/dag heil chia-fræ		
	Smurálegg úr aldinum	1% heil chia-fræ		
	Jógúrt	1,3 g af heilum chia-fræjum á hver 100 g af jógúrti eða 4,3 g af heilum chia-fræjum á hver 330 g af jógúrti (skammtur)		
	Dauðhreinsaðar máltíðir, tilbúnar til neyslu, að stofni til úr korni, sýndarkorni og/eða belgjurtum	5% heil chia-fræ		
Kítínglúkan úr <i>Aspergillus niger</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kítínglúkan úr <i>Aspergillus niger</i> “	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	5 g/dag		
Kítínglúkanflóki úr <i>Fomes fomentarius</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kítínglúkan úr <i>Fomes fomentarius</i> “	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	5 g/dag		
Kítósanútdráttur úr sveppum (<i>Agaricus bisporus</i>, <i>Aspergillus niger</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kítósanútdráttur úr <i>Agaricus bisporus</i> “ eða „kítósanútdráttur úr <i>Aspergillus niger</i> “	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun í fæðubótarefni úr kítósani úr krabbadýrum.		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Kondrótínsúlfat	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kondrótínsúlfat fengið úr örverugerjun og súlfötun“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	1 200 mg/dag		
Krómpikólínat	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi heildarmagns króms</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „krómpikólínat“	
	Matvæli sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 609/2013	250 µg/dag		
	Matvæli sem eru styrkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 (4)			
Cistus incanus L. Pandalis (kryddjurt)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Cistus incanus L. Pandalis (kryddjurt)“	
	Jurtaseyði	Áætluð dagleg inntaka: 3 g kryddjurtir/dag (2 bollar/dag)		
Sítikólín	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „sítikólín“ 2. Á merkimiða matvæla sem innihalda sítikólín skal vera yfirlýsing þess efnis að varan sé ekki ætluð börnum til neyslu	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	500 mg/dag		
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	250 mg í hverjum skammti og hámarks-magn daglegrar neyslu sem nemur 1 000 mg		
Clostridium butyricum	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Clostridium butyricum MIYAIRI 588 (CBM 588)“ eða „Clostridium butyricum (CBM 588)“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	$1,35 \times 10^8$ CFU/dag		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Útdráttur úr fitusneyddu kakódufti	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Neytendur skulu fá leiðbeiningar þess efnis að ekki skuli neyta meira en 600 mg af pólýfenólum, sem svarar til 1,1 g útdrattar af fitusneyddu kakódufti á dag	
	Næringarstangir	1 g/dag og 300 mg af pólýfenólum sem svarar ekki til meira en 550 mg af útdrætti úr fitusneyddu kakódufti í einum skammti af matvælum (eða fæðubótarefni)		
	Drykkjarvörur, að stofni til úr mjólk			
	Öll önnur matvæli (þ.m.t. fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB) sem hafa áunnið sér hefð sem burðarefni fyrir viðbótarinnihaldsefni og sem eru alla jafna hugsuð til neyslu handa heilsumeðvituðu fullorðnu fólki			
Fitulítill kakókjarni	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Neytendur skulu fá leiðbeiningar þess efnis að ekki skuli neyta meira en 600 mg af flavanólum úr kakói á dag	
	Matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	730 mg í hverjum skammti og u.þ.b. 1,2 g/dag		
Kórianderolía úr fræi <i>Coriandrum sativum</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kórianderfræsolia“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	600 mg/dag		
Þurrkuð aldin <i>Crataegus pinnatifida</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „þurrkuð aldin <i>Crataegus pinnatifida</i> “	
	Jurtaseyði	Í samræmi við venjulega notkun <i>Crataegus laevigata</i> í matvæli		
	Sultur og hlaup í samræmi við tilskipun 2001/113/EB (5)			
	Ávaxtamauk			
α-sýklódestrín	Ekki tilgreint		Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „alfasýklódestrín“ eða „α-sýklódestrín“	

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
γ-sýklódestrín	Ekki tilgreint		Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „gammasyklódestrín“ eða „γ-sýklódestrín“	
Dextranblöndur sem eru framleiddar með <i>Leuconostoc mesenteroides</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „dextran“	
	Brauðvörur	5%		
Díasýlglyserólía úr jurtaríkinu	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „díasýlglyserólía úr jurtaríkinu (a.m.k. 80% díasýlglyseról)“	
	Olía til matargerðar			
	Smyrjur			
	Salatsósur			
	Majónes			
	Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd (sem drykkir)			
	Brauðvörur			
	Jógúrtlíkar vörur			
Díhýdrókapsíat (DHC)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „díhýdrókapsíat“ 2. Fæðubótarefni sem innihalda tilbúið díhýdrókapsíat verða merkt með: „ekki ætlað börnum yngri en fjögurra og hálfis árs“	
	Kornstangir	9 mg/100 g		
	Kex, smákökur og stökkt kex	9 mg/100 g		
	Nasl, að stofni til úr hrísgrjónum	12 mg/100 g		
	Kolsýrðir drykkir, þynnanlegir drykkir, drykkjarvörur að stofni til úr aldinsafa	1,5 mg/100 ml		
	Grænmetisdrykkir	2 mg/100 ml		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Drykkir að stofni til úr kaffi, drykkir að stofni til úr tei	1,5 mg/100 ml	
	Bragðbætt vatn — ófreyðandi	1 mg/100 ml	
	Forsóðið haframjöl	2,5 mg/100 g	
	Aðrar kornvörur	4,5 mg/100 g	
	Rjómaís, eftirrétir úr mjólk	4 mg/100 g	
	Búðingablöndur (tilbúnar til neyslu)	2 mg/100 g	
	Vörur, að stofni til úr jógúrti	2 mg/100 g	
	Súkkulaðisælgæti	7,5 mg/100 g	
	Hart sælgæti	27 mg/100 g	
	Sykurlaust tyggigúmmí	115 mg/100 g	
	Þurrmjólkurlíki/þurrmjólk	40 mg/100 g	
	Sætuefni	200 mg/100 g	
	Súpur (tilbúnar til neyslu)	1,1 mg/100 g	
	Salatsós	16 mg/100 g	
	Jurtaprótín	5 mg/100 g	
	Máltíðir tilbúnar til neyslu	3 mg/máltíð	
	Staðgöngumáltíðir til að stýra þyngd	3 mg/máltíð	
	Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd (sem drykkir)	1 mg/100 ml	

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	3 mg/inntaka í einu 9 mg/dag		
	Óáfengar drykkjarblöndur í duftformi	14,5 mg/kg jafngildir 1,5 mg/100 ml		
Þurrkaður útdráttur <i>Lippia citriodora</i> úr frumuræktum	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „þurrkaður útdráttur úr <i>Lippia citriodora</i> úr frumuræktum HTN®Vb“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun í fæðubótarefni úr svipuðum útdrætti úr laufum <i>Lippia citriodora</i>		
Útdráttur úr frumurækt <i>Echinacea angustifolia</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun í fæðubótarefni úr svipuðum útdrætti úr rót <i>Echinacea angustifolia</i>		
Útdráttur úr frumurækt <i>Echinacea purpurea</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „þurrkaður útdráttur úr <i>Echinacea purpurea</i> úr frumuræktum HTN®Vb“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við venjulega notkun í fæðubótarefni úr svipuðum útdrætti úr tungublómum í blómkörfu <i>Echinacea purpurea</i>		
Olía úr <i>Echium plantagineum</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi steridónsýru (STA)</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „hreinsuð echium-olía“	
	Afurðir, að stofni til úr mjólk, og drykkjarjógúrtvörur sem eru afhentar í stökum skammti	250 mg/100 g, 75 mg/100 g að því er varðar drykki		
	Tilreiddur ostur	750 mg/100 g		
	Smyrjanleg fita og salatsósar	750 mg/100 g		
	Morgunkorn	625 mg/100 g		
	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	500 mg/dag		

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir		
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og staðgöngumáلتíðir til að stýra þyngd	250 mg/máلتíð		
Epígallócatekingallat sem hreinsaður útdráttur úr grænum telaufum (<i>Camellia sinensis</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Á merkimiðanum skal vera yfirlýsing þess efnis að neytendur skuli ekki neyta meira en 300 mg af útdrætti á dag	
	Matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	150 mg af útdrætti í einum skammti af matvælum eða fæðubótarefni		
L-ergóþíoneín	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „L-ergóþíoneín“	
	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	30 mg/dag fyrir almenning (að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti) 20 mg/dag fyrir börn eldri en 3 ára		
Járn(III)natríum-EDTA	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi (gefin upp sem vatnsfrítt EDTA)</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „járn(III)natríum-EDTA“	
	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	18 mg/dag fyrir börn 75 mg/dag fyrir fullorðna		
	Matvæli sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 609/2013	12 mg/100 g		
	Matvæli sem eru styrkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006			

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Járn(II)ammóníumfosfat	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „járn(II)ammóníumfosfat“	
	Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB	Til notkunar í samræmi við tilskipun 2002/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og/eða reglugerð (EB) nr. 1925/2006		
	Matvæli sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 609/2013			
	Matvæli sem eru styrkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006			
Fiskpeptíð úr <i>Sardinops sagax</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi fiskpeptíðaafurðar</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „fiskpeptíð (<i>Sardinops sagax</i>)“	
	Matvæli að stofni til úr jógúrti, jógúrtdrykkjum, gerjaðri mjólk og mjólk í duftformi	0,48 g/100 g (tilbúið til neyslu/drykkjar)		
	Bragðbætt vatn og drykkir að stofni til úr grænmeti	0,3 g/100 g (tilbúið til drykkjar)		
	Morgunkorn	2 g/100 g		
	Súpur, kássur og súpuft	0,3 g/100 g (tilbúið til neyslu)		
Flavonóíð úr <i>Glycyrrhiza glabra</i>	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi flavonóíða úr <i>Glycyrrhiza glabra</i></i>	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „flavonóíð úr <i>Glycyrrhiza glabra</i> L.“ 2. Á merkimiða matvæla sem vörinni var bætt í sem nýju innihaldsefni í matvælum skal vera yfirlýsing þess efnis að: <ul style="list-style-type: none"> a) þungaðar konur, konur með börn á brjósti, börn og unglingar skuli ekki neyta vörunnar og b) fólk sem tekur lyfseðilsskyld lyf skuli einungis neyta vörunnar undir eftirliti læknis, 	Drykkjarvörur sem innihalda flavonóíða skulu boðnar fram í stökum skömmtum til lokaneytenda
	Drykkjarvörur, að stofni til úr mjólk	120 mg/dag		
	Drykkjarvörur, að stofni til úr jógúrti			
	Drykkjarvörur, að stofni til úr aldinum eða grænmeti			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	120 mg/dag		
